

Merkingar löggildingarskyldra mælitækja.


Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur. Mælitæki skv. rg. nr. 465/2007 nefnast hér **MID**-mælitæki og mælitæki skv. rg. nr. 129/1994 og tengdum reglugerðum nefnast hér **EBE**-mælitæki. Sér reglugerð nr. 616/2000 gildir um ósjálfvirkar vogir.

Merkingar frá framleiðanda.


Ósjálfvirkar vogir skulu bera CE-táknið ásamt tveimur síðustu tölum ártals fyrir árið þegar það var sett á, kenninúmer tilkynnta aðilans og grænan ferhyrndan límmiða með hástafnum „M“ í svörtum lit.



MID-mælitæki skulu vera merkt með sömu táknum nema að miðinn með „M“ er ekki lítaður og röðin er önnur sbr. eftirfarandi dæmi:



EBE-mælitæki skulu bera merki um EBE-gerðarviðurkenningu, sem er eins og spegilmynd af tölunni „3“ og tvö merki fyrir EBE-frumsannprófun lítið „e“ og sexhyrning sbr. myndirnar hér á eftir. Oft vantaði merkin fyrir sannprófunina og hafa framleiðandi og söluaðili þá gert ráð fyrir að það eftirlit og sú merking færi fram í viðtökulandinu (Íslandi). Þá hefur fyrsta löggilding oftast verið látin duga hér en gagna aflað um prófanir tækjanna frá framleiðanda.



Sérstök merking nýrra mælitækja.

Nýjar ósjálfvirkar vogir og ný MID-mælitæki má taka í fyrstu notkun án undangenginnar löggildingar en þau skulu bera sérstaka miða fyrir ný tæki fram að fyrstu löggildingu. Vogir og mælikerfi fá miða sem á stendur NÝTT TÆKI og nýir vatnsmælur og raforkumælur fá miða sem stendur á „Gildir til: Uppl. hjá dreifiveitu“ sbr. sýnishorn hér að neðan.



Merki um löggildingu.

Mælitæki sem fá löggildingu skulu bera löggildingarmiða, sem sjá má dæmi um hér að neðan. Sá fyrri er fyrir vogir og mælikerfi og er þá gatað í árið og mánuðinn þegar löggilding rennur út, sá síðari er fyrir vatnsmæla og raforkumæla er sýnir ártalið þegar löggilding er framkvæmd. Í báðum tilvikum er prentað faggildingarnúmer löggildingaraðilans þar sem sýnt er „0“ á eftir textanum Fg.nr.



Heimildir:

- Rg. nr. 129/1994 um mælitæki og aðferðir við mælifraðilegt eftirlit
- Rg. nr. 616/2000 um ósjálfvirkar vogir
- Rg. nr. 955/2006 um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja með síðari breytingum
- Rg. nr. 465/2007 um innleiðingu á tilskipun nr. 2004/22/EB um mælitæki